

Ytra mat grunnskóla

Kerhólsskóli

apríl 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Grímsnes- og Grafningshrepp.

Höfundar: Unnar Þór Böðvarsson og Halldóra Kristín Magnúsdóttir

© Menntamálastofnun, 2019

ISBN 978-9979-0-2341-8

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	4
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Kerhólsskóla	8
Niðurstöður	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	11
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla	13
2.1 Inntak og námskrá	13
2.3 Gæði kennslu	15
2.4 Skipulag náms.....	16
2.5 Námsvitund	17
2.6 Ábyrgð og þátttaka	17
Þáttur 3 – Innra mat	19
3.1 Skipulag.....	19
3.2 Framkvæmd.....	19
3.3 Umbætur	19
Þáttur 4 – Skólabragur.....	21
4.1 Stefna og viðhorf	21
4.2 Líðan nemenda	21
4.3 Nemendalýðræði.....	21
4.4 Verklagsreglur og áætlanir	22

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi sem fór fram á vorönn 2019. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrír fyrirfram ákveðnir en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, innra mat* og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn *skólabragur*.

Styrkleikar í stjórnun

- Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans í samvinnu við kennara.
- Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Stefna sveitarfélags er sýnileg í stefnu skólans og birt á heimasíðu hans.
- Allir viðmælendur þekktu einkunnarorð skólans og nefndu dæmi um sérstöðu hans.
- Litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Heilsa og heilbrigði eru hluti af skólamenningu.
- Foreldrasamstarf skapar jákvæða ímynd í samfélaginu og styrkir skólastarfið.
- Símenntunaráætlun skólans byggir á stefnu skólans og nær til allra starfsmanna.
- Umbótaáætlun skólans byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda.
- Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur leystur ef upp kemur.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun og vörslu persónuupplýsinga.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafi möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.
- Samstarf er milli fjögurra skóla um Smiðjuhelgar í 8.-10. bekk.
- Verkaskipting stjórnenda er skráð og öllum aðgengileg.
- Heimasíða skólans er aðgengileg og inniheldur mikilvægar upplýsingar um skólastarfið.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans.
- Tryggja þarf aðgengi allra starfsmanna að samráðs- og starfsmannafundum.
- Gera skólanámskrá sem uppfyllir viðmið aðalnámskrár.
- Birta starfsáætlun og skólanámskrá á heimasíðu skólans.
- Skrá samskipti við framhaldsskóla í skólanámskrá.
- Skólaráð setji sér starfsreglur.
- Skólaráð haldi árlega opinn fund með hagsmunaaðilum skólastarfsins.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Gera lista yfir skimanir og kannanir sem nýttar eru til að athuga hvort nemendur þurfa sértæka aðstoð.
- Skrá helstu þróunarverkefni skólaársins og ábyrgðaraðila í starfsáætlun.
- Vinna móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Gera tilfærsluáætlun við skólalok og milli skóla.

Styrkleikar í námi og kennslu

- Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í skipulagi og störfum í skólanum.
- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með einstaklingsnámskrá.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til margra þátta.
- Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika.
- Skólinn leitast við að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda í námi m.a. með einstaklingsmiðun, umhverfismennt og útikennslu.
- Samstarf allra árganga í útikennslu.
- Grenndarsamfélag skólans er nýtt markvisst í skólastarfinu svo sem með starfsnámi og heimsóknnum.
- Námsmat er fjölbreytt.
- Nemendum er ljóst að þeir geta nýtt mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni.
- Umræða og skoðanaskipti eru hluti af námsferli nemenda.
- Nemendur þjálfast í sjálfsmati.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Stuttar boðleiðir eru milli stjórnenda, kennara og nemenda.
- Nemendur þjálfast í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á bekkjarfundum.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Tryggja lögbundna kennslu í list- og verkgreinum á öllum aldursstigum.
- Setja list- og verkgreinar inn í stundatöflur á elsta stigi óháð vali.
- Útbúa og birta í starfsáætlun viðmiðunarstundaskrá fyrir skólann.
- Láta koma fram í kennsluáætlunum/námsvísunum hvernig námsaðlögun er háttáð.
- Skilgreina og skrá í skólanámskrá hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda.
- Skrá verklagsreglur um aðkomu foreldra og nemenda við gerð einstaklingsnámskráa.
- Þjálfar nemendur markvisst í að setja sér markmið og nýta í náminu.
- Fjölga verkefnum þar sem nemendum gefst kostur á að tengja námið sínu áhugasviði.
- Móta stefnu um hvar sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer fram.
- Móta stefnu er varðar bráðgera nemendur.

Styrkleikar í innra mati

- Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt.
- Áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár liggur fyrir.
- Val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum.
- Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum helstu hagsmunaaðila.
- Notaðar eru bæði eigindlegar og megindlegar gagnaöflunaraðferðir.
- Innra mat skólans byggir á margvíslegum upplýsingum.
- Umbótastarf byggir á innra mati.
- Matsniðurstöður hafa áhrif á starfshætti.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram.
- Mat á líðan nemenda í öllum árgöngum fer fram reglulega á hverju skólaári.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Fjalla um í skólanámskrá helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Setja í starfsáætlun hvaða þættir eru skoðaðir í innra mati á skólaárinu.
- Birta innramatsskýrslu opinberlega.
- Tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila að innramatsteymi.
- Leggja reglulega mat á kennslu og fagmennsku kennara.
- Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í öllum þáttum innra mats.
- Setja tímasetningar í umbótaáætlun.
- Bera umbótaáætlun formlega undir skólaráð.
- Gera langtímaáætlun um innra mat.

Styrkleikar - skólabragur

- Skólinn hefur mótað heildstæða stefnu um góðan skólabrag.
- Jákvæður skólabragur einkennir allt skólastarfið.
- Gildi skólans endurspeglar jákvæð viðhorf og væntingar.
- Foreldrar hafa jákvætt viðhorf til skólans.
- Reglulega er fylgst með líðan nemenda með könnunum.
- Skipulag á skólalóð styður við félagsleg samskipti og hvetur til hreyfingar.
- Nemendum er skapaður vettvangur til að koma skoðunum sínum á framfæri með vikulegum bekkjarfundum.
- Áætlanir eru í samræmi við grunngildi skólans.

Tækifæri til umbóta - skólabragur

- Gera grein fyrir uppeldisstefnunni í skólanámskrá.
- Gera áætlun um viðbrögð ef grunur vaknar um að nemandi búi við ofbeldi.
- Skrá hvernig ákvarðanir nemenda- og skólaráðs eru kynntar nemendum.
- Auka formlega umræðu með nemendum um skipulag náms.
- Skrá og birta verklag um tilkynningarskyldu er varðar ofbeldi samkvæmt barnaverndarlögum.

Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Upplýsingar um Kerhólsskóla

Kerhólsskóli er á Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi en skólinn varð til við sameiningu leikskólans Kátuborgar og Grunnskólans Ljósborgar 1. janúar 2011. Kerhólsskóli er dreifbýlisskóli, sameinaður leik- og grunnskóli með 72 nemendur á aldrinum eins árs upp í 10. bekk. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt, náttúrufræði, útikennslu, list- og verkgreinar.

Einkunnarorð skólans eru *Gleði – jákvæðni – virðing*.

Í skólanum eru 37 nemendur í grunnskóladeildinni á vorönn 2019.

Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	7	3	4	8	0	6	0	3	4	2
Fjöldi bekkjardeilda	1	1		1	0	1	0	1		
Samkennsluhópar, ef við á.	Samkennsla í 2. og 3. bekk			Samkennsla í 1.-4. bekk í list- og verkgreinum. Samkennsla allra árganga í útikennslu.			Samkennsla í 8.-10. bekk			

Starfsmenn grunnskóladeildar Kerhólsskóla eru 22. Stjórnendur eru tveir, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri og kennarar 10, þar af tveir sérkennarar, þrjú kennarar með leyfisbréf og fimm leiðbeinendur. Við skólann starfa einnig tveir skólaliðar, ritari, stuðningsfulltrúi og fjórir starfsmenn í eldhúsi.

Í skólanum eru tveir nemendur af erlendum uppruna og einn nemandi stundar nám á framhaldsskólastigi þetta skólaár. Frístund er í boði fyrir nemendur í 1.-4. bekk eftir skóla til 16:30.

Tveir nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, tveir nemendur eru með einstaklingsnámskrá og 15 fá sérkennslu eða eru með aðlagað námsefni.

Fjöldi kennslustunda sem fallið hafa niður á skólaárinu eftir bekkjum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi kest.	0	0	0	0		0		2	2	2

Niðurstöður

Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	--	---------------------------------	--------------------------------------	---------------------------------------	--

1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans í samvinnu við kennara. Aðrir starfsmenn koma að stefnumótun á starfsdögum en foreldrar og nemendur koma þar lítið að. Stjórnendur vinna með skólafyrirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku. Stefna sveitarfélagsins er sýnileg í stefnu skólans og er birt á heimasíðu hans. Sýn skólans endurspeglar áherslu á rétt allra nemenda til náms á eigin forsendum. Allir viðmælendur þekktu einkunnarorð skólans og nefndu dæmi um sérstöðu hans svo sem útikennslu, grænfána og einstaklingsmiðun.

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að: *Hver skóli skal birta stefnu sína með tvennum hætti. Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar sem eru breytilegar frá ári til árs birtar í árlegri starfsáætlun.* Heildstæð skólanámskrá sem uppfyllir viðmið aðalnámskrár er ekki til staðar en stefnu skólans er að finna á heimasíðu og þar ætti einnig að birta skólanámskrá og starfsáætlun. Kennsluáætlanir nemenda með markmiðum, inntaki og skipulagi náms eru á heimasíðunni. Vísað er á heimasíðuna sem starfsáætlun. Flestir þættir, sem eiga að vera í starfsáætlun, eru á heimasíðunni en starfsáætlunina sem heildstætt skjal er ekki að finna þar.

Í daglegu tali og fréttaflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfinu.

1.2 Faglegt samstarf og samræða

Stjórnendur stuðla að markvissri starfsþróun kennara, bæði formlega og óformlega og sjá til þess að þeir hafi tækifæri til að taka þátt í samstarfsverkefnum út fyrir skólann. Innan skólans hvetja stjórnendur til faglegs samstarfs og samræðu um nám og kennslu. Fram kom í rýnihópi að aðrir starfsmenn koma að faglegri umræðu eingöngu á starfsdögum. Tryggja þarf aðgengi allra starfsmanna að samráðs- og starfsmannafundum.

Stjórnendur fylgjast með og sjá um að niðurstöður ytra gæðamats s.s. varðandi framfarir nemenda og líðan þeirra séu skráðar og nýttar til að efla starf skólans. Starfsmenn finna að lítið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur og finnst lýðræðisleg vinnubrögð einkenna starfið í skólanum.

Símenntunaráætlun sem byggir á stefnu skólans nær til allra starfsmanna og innan hennar rúmast einstaklingsbundnar forsendur til starfsþróunar.

1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Stjórnendur byggja upp jákvæð tengsl við foreldrasamfélagið, formleg og óformleg. Samskipti við foreldra beinast að því að styrkja nám og vellíðan nemenda í skólanum og vinna að því að skapa jákvæða ímynd í samfélaginu.

Formlegar samskiptaleiðir eru skráðar í starfsáætlun og efnt er reglulega til funda með foreldrum þar sem annars vegar er rætt um einstaklinginn og hins vegar kynningarfundir þar sem leitast er við að auka áhrif foreldra á skólastarfið.

Eins og áður hefur komið fram er Kerhólsskóli samrekinn leik- og grunnskóli. Samstarf við tónlistarskóla eru talsverð og skráð í starfsáætlun en ekki upplýsingar um samskipti við önnur skólastig. Samskipti við grenndarsamfélagið eru markviss, m.a. um verkefni nemenda, svo sem starfsnám og heimsóknir.

Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og samkvæmt fundargerðum, sem birtar eru á heimasíðu skólans, hefur verið fundað í skólaráði einu sinni á yfirstandandi skólaári. Skólaráð hefur ekki sett sér starfsáætlun eða staðið fyrir árlegum opnum fundum fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð mælir fyrir um.

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins og sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna í þær niðurstöður og eiga samræður um þróun og umbætur starfsins. Í starfsáætlun er skráð ferli við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra og nemenda. Ekki er að finna í áætluninni lista yfir skimanir og kannanir sem nýttar eru til að athuga hvort nemendur þurfi sértæka aðstoð.

Umbótaáætlun skólans byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda, svo og upplýsingum úr innra mati á starfinu. Stjórnendur skólans stýra innleiðingu umbótaverkefna og tryggja starfsfólki viðeigandi starfsþróun í tengslum við áherslur í umbótaáætlun.

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi sem hluti af daglegu starfi stjórnenda, niðurstöður þess eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs og til að meta ferli og árangur starfsins. Greint er frá helstu þróunarverkefnum skólaársins í sjálfsmatsskýrslu frá mars 2019.

1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Stjórnendur sjá til þess að verklag og áherslur séu í samræmi við lög og reglur þar um. Á þessu skólaári fá 1.-3. bekkur 31 kennslustund á viku, 4. bekkur fær 32 kennslustundir og 5.-10. bekkur fær 35 kennslustundir. Smiðjuhelgar í 8.-10. bekk í samstarfi við fjóra grunnskóla í Árnessýslu eru þrjár yfir skólaárið, þar sem nemendur uppfylla vikulegan kennslustundafjölda.

Helstu upplýsingar um skólastarfið er að finna á heimasíðu skólans. Á síðuna vantar nokkur skjöl sem eiga að vera opinber þar á meðal skólanámskrá og starfsáætlun. Ekki er að finna í skjölum móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda né tilfærsluáætlun við skólalok og milli skóla.

Sátt er í skólasamfélaginu um stjórn skólans og störf stjórnenda farsæl. Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur, ef upp kemur, leystur. Skólastjórnendur vinna með sveitarfélaginu að því að skapa heilbrigt og öruggt umhverfi í skólanum.

Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Á heimasíðu er skráð hvar nemendur eiga aðkomu að nefndum og ráðum og reglulega eru haldnir bekkjarfundir þar sem nemendur fá þjálfun í félagsmálum.

1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila í skólasamfélaginu. Stjórnendur skólans skipta með sér verkum þannig að sérþekking þeirra og reynsla nýtist sem best í skólastarfinu.

Stjórnendur leitast við að menntun og sérhæfing kennara nýtist í störfum þeirra til að tryggja sem best gæði náms og kennslu.

Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og benda starfsmönnum á réttindi sín jafnt og skyldur. Starfsþróunarsamtöl fara fram minnst einu sinni á ári. Starfsmönnum er hrósað þegar við á en stjórnendur fylgjast ekki reglulega með störfum starfsmanna eða veita þeim endurgjöf á störf sín.

1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri leitast við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni stjórnenda og annarra í skólanum. Stjórnendur dreifa ábyrgð og gefa starfshópnum skýr skilaboð um umboð og ábyrgð.

Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu. Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafi möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum. Helstu verkefni skólaársins og ábyrgðaraðilar eru ekki skráðir í starfsáætlun en þær upplýsingar er að finna í sjálfsmatskýrslu frá mars 2019.

Í skólanum ríkir sú menning að mikilvægt sé að huga að heilsu stjórnenda jafnt sem annarra starfsmanna. Í rýnihópum kom fram að heilsa og heilbrigði eru hluti af skólamenningu. Starfsmenn fá hreyfitíma á launum, setja sér markmið, gerð er heilsukönnun og henni fylgt eftir.

Styrkleikar

- Stjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans í samvinnu við kennara.
- Stjórnendur vinna með skólayfirvöldum í sveitarfélaginu að stefnumótun og ákvarðanatöku.
- Stefna sveitarfélags er sýnileg í stefnu skólans og birt á heimasíðu hans.
- Allir viðmælendur þekktu einkunnarorð skólans og nefndu dæmi um sérstöðu hans.
- Litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Heilsa og heilbrigði eru hluti af skólamenningu.
- Foreldrasamstarf skapar jákvæða ímynd í samfélaginu og styrkir skólastarfið.
- Símenntunaráætlun skólans byggir á stefnu skólans og nær til allra starfsmanna.
- Umbótaáætlun skólans byggir á stefnu skólans, sveitarfélagsins og fræðsluyfirvalda.
- Daglegt starf er vel skipulagt og ágreiningur leystur ef upp kemur.
- Gætt er að góðri skjalastjórnun og vörslu persónuupplýsinga.
- Starfsfólki finnst það njóta trausts og hafi möguleika á að bera ábyrgð á verkefnum.
- Samstarf er milli fjögurra skóla um Smiðjuhelgar í 8.-10. bekk.
- Verkaskipting stjórnenda er skráð og öllum aðgengileg.
- Heimasíða skólans er aðgengileg og inniheldur mikilvægar upplýsingar um skólastarfið.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans.
- Tryggja þarf aðgengi allra starfsmanna að samráðs- og starfsmannafundum.
- Gera skólanámskrá sem uppfyllir viðmið aðalnámskrár.
- Birta starfsáætlun og skólanámskrá á heimasíðu skólans.
- Skrá samskipti við framhaldsskóla í skólanámskrá.
- Skólaráð setji sér starfsreglur.
- Skólaráð haldi árlega opinn fund með hagsmunaaðilum skólastarfsins.
- Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti endurgjöf.
- Gera lista yfir skimanir og kannanir sem nýttar eru til að athuga hvort nemendur þurfa sértæka aðstoð.
- Skrá helstu þróunarverkefni skólaársins og ábyrgðaraðila í starfsáætlun.
- Vinna móttökuáætlun fyrir nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda.
- Gera tilfærsluáætlun við skólalok og milli skóla.

Þáttur 2 – Náms og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna stjórnvalda endurspeglar í skipulagi og störfum í skólanum. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda. Reynt er að veita sérhverjum nemenda nám og kennslu í samræmi við ákvæði laga og áherslur aðalnámskrár.

Kennsluáætlanir/námsvísar eru á heimasíðu og birtast í mentor. Grunnþáttum menntunar eru gerð skil í kennsluáætlunum en ekki kemur fram hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda. Ekki kemur fram í kennsluáætlunum hvernig námsaðlögun er háttað í hverri námsgrein. Áætlanir um nám árganga innihalda markmið og viðmið um hæfni með stigvaxandi kröfum og samfellu í námi nemenda. Markmið náms eru sýnileg, kynnt og aðgengileg nemendum og foreldrum.

Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá. Hjá viðmælendum kom fram að einstaklingsnámskrár eru gerðar af sérkennara í samráði við umsjónarkennara en eins og áður hefur komið fram eru tveir kennarar skólans sérkennarar.

Hjá skólastjóra kom fram að óskráð vinnuregla er að farið er yfir frumdrög að einstaklingsnámskrá með foreldrum á teymisfundum. Þeir taka drögin með sér heim, fara yfir og geta gert athugasemdir áður en skrifað er undir. Ekki er til skráð stefna um hvar sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer fram en að sögn skólastjóra er vinnuregla að allur stuðningur fari fram inni í bekk en nemendur teknir út þegar þess þarf. Í rýnihópum kom fram að áhersla er á einstaklingsmiðun og fjölbreyttar lausnir sem taka til allra þátta í skólastarfinu.


2.2. Árangur náms

Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluáferðum og nemendur gera ráð fyrir að ná árangri í námi. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa og brugðist við þörfum með það að markmiði að viðhalda góðum árangri og bæta hann enn frekar. Hæfniviðmið og matskvarðar eru settir fram í kennsluáætlunum.

Samræmd könnunarpróf

Samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa. Birt er uppsafnað meðaltal þar sem fjöldi nemenda er undir viðmiðum um birtingu einstök ár.


4. bekkur



* Engin samræmd könnunarpróf árið 2015.

Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði sýnir að hann hefur verið yfir landsmeðaltal í báðum fögum. Árangurinn hefur verið betri í íslensku en þegar skoðað er uppsafnað meðaltal fyrir 2016-2018 þá dalar hann í báðum fögum og mælist við meðaltal í stærðfræði en yfir meðaltali í íslensku.

7. bekkur



Árangur 7. bekkjar í íslensku hefur verið yfir landsmeðaltali en hefur dalað frá 2013-2015 þegar skoðað er uppsafnað meðaltal en liggur enn við meðaltal. Árangur í stærðfræði jókst á árunum 2013-2015 þegar skoðað er uppsafnað meðaltal en dalaði aftur 2016-2018 og fór nokkuð undir meðaltal.

9. bekkur

Árið 2017 voru samræmd könnunarpróf haldin í 9. bekk og verður svo í framtíðinni. Árangur nemenda var yfir landsmeðaltali í stærðfræði og ensku en undir í íslensku.

Lesferill


Skólinn notar Lesferil til að meta hraða og öryggi nemenda í lestri. Staða nemenda skólans er almennt um meðaltal landsins, 8. og 9. árgangur er yfir landsmeðaltali en 10. er nokkuð undir.

2.3 Gæði kennslu

Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti. Kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn. Almennt eru kennslustundir vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og sniðnir að eðli námssviða, markmiðum náms og þörfum nemenda. Meðal annars er útinám fastur liður í stundatöflu elstu nemenda leikskóladeildar og allra nemenda í grunnskóladeild. Vikulega eru allir nemendur saman í útinámi og samkvæmt umhverfissáttmála Kerhólsskóla er lögð áhersla á að leika sér mikið í móanum og skóginum, læra að njóta þess sem náttúran gefur af sér með því að vera úti, læra úti og sækja efni út í náttúruna. Nánasta umhverfi skólans er jafn mikilvægur hluti af skólanum eins og kennslustofurnar og námsgögnin.

Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og markvisst er fylgst með framförum sérhvers nemanda m.a. með leiðsagnarmati. Í kennsluáætlunum kennara sést að kennslan tekur mið af mati á stöðu nemenda en ekki er gerð grein fyrir hvernig tilhögun námsaðlögunar er háttað.

Í rýnihópi kennara kom fram að engin áætlun er til hvað varðar bráðgera nemendur en jafnframt kom fram að dæmi er um að nemendur í 10. bekk stundi nám á framhaldsskólastigi.



Á vettvangi voru metnar 12 kennslustundir og meiri hluti þeirra metnar góðar, fjórar voru metnar frábærar eða 33% og tvær þarfnast umbóta. Eins og sjá má í töflunni hér fyrir ofan skiptust kennslustundirnar í tvo flokka, 50% kennslustunda voru fræðandi (bein kennsla) og sama hutfall var


metin blönduð kennsla. Af þessu má sjá að gæði kennslustunda voru í miklum meirihluta góðar eða frábærar og matsmenn sáu góð dæmi um fjölbreytta kennsluhætti.

2.4 Skipulag náms

Kennarar vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan og/eða þvert á árganga. Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms og samvinnu nemenda í námi. Nemendur fá svigrúm til umræðna og vita að skoðanaskipti eru hluti af námsferli og hlúð er að sköpunarþörf nemenda.

Umsjónarkennari fylgist markvisst með framförum og líðan allra nemenda og gerir þeim og foreldrum grein fyrir stöðu og næstu skrefum.

Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika. Í öllum bekkjarstofum þar sem vettvangsskoðun fór fram var nemendaborðum raðað meðfram veggjum en í miðju stofanna var komið fyrir hópaborði til innlagnar og samvinnu í námi. Upplýsingatækni er hluti kennsluumhverfis en í vettvangsskoðunum nýttu nemendur upplýsingatæknina í þriðjung kennslustunda og kennarar í einum sjötta. Námsgögn eru fjölbreytt og nemendum aðgengileg.



Í um 59% kennslustunda á vettvangi var um einstaklingsvinnu að ræða. Skipulögð samvinnuverkefni voru í 33% kennslustunda og í átta prósent kennslustunda var um blandaða vinnu að ræða.

Grenndarsamfélag skólans er að mati viðmælenda mikið nýtt í skólastarfinu, þar má nefna samstarf við tónlistarskólann, Sólheima í Grímsnesi, starfsnám nemenda á sveitabæjum, vorhátíð í Þrastaskógi og vettvangsferðir.

Viðmiðunarstundaskrá skólans liggur ekki fyrir í gögnum, hana á að birta í starfsáætlun fyrir hvert ár. Samkvæmt talningu út frá stundaskrá skólaársins eru ekki uppfyllt viðmið viðmiðunarstundaskrár aðalnámskrár grunnskóla í öllum námsgreinum. Á öllum stigum vantar samkvæmt stundatöflu upp á kennslu í list- og verkgreinum.

Á yngsta stigi eru samkvæmt talningu á stundatöflum kenndar 700 mínútur á viku en eiga að vera samtals 900 mínútur á viku í 1.-4. bekk. Ef útinám er skilgreint sem list- og verkgrein bætast við 400 mínútur á viku á yngsta stigi, sem gera 1100 mínútur og uppfyllir þá yngsta stig viðmið. Á miðstigi eru kenndar 780 mínútur ef allt er talið með, bæði val og útinám samkvæmt stundaskrá sjötta bekkjar en á að kenna 840 mínútur á stiginu samkvæmt viðmiðunarstundaskrá. Á elsta stigi eiga nemendur að fá

kennslu í list- og verkgreinum sem nemur 340 mínútum á viku, en engin stund er skilgreind sem list- og verkgrein á stundatöflu. Boðið er upp á list- og verkgreinar í vali. Á stundatöflum eru 300 mínútur skilgreindar í útinám og má ætla að hluti af því teljist til list- og verkgreina.

Sú tilhögun að bjóða upp á kennslu í list- og verkgreinum í vali, sem kenndar eru allan veturinn, uppfyllir ekki hvorutveggja í senn að vera val og list- og verkgreinakennsla. Nemendum í 8.-10. bekk skal samkvæmt aðalnámskrá gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til allt að fimmtungi námstímans þ.e.a.s. 870 mínútur á viku og þar við bætast 340 mínútur á viku í list- og verkgreinum. Á stundatöflum nemenda elsta stigs eru samtals 300 mínútur á viku skilgreindar í val, til viðbótar fá nemendur þrjár smiðjuhelgar á skólaárinu. Matsmenn áætla að smiðjuhelgar skili nemendum elsta stigs um það bil 150 mínútum á viku í val og þá vantar 420 mínútur á viku í vali til að uppfylla viðmiðunarstundaskrá stigsins.

2.5 Námsvitund

Nemendur þekkja styrkleika sína í námi, eru áhugasamir og nám þeirra tekur mið af kennsluáætlunum/námssvísunum. Þeir fá þjálfun og eru hvattir til að taka frumkvæði og bera ábyrgð á eigin námi og framkomu. Nemendur eiga möguleika á að skoða markmið og/eða viðfangsefni í kennsluáætlunum á heimasíðu og í mentor. Þeir fást við fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni sem stuðla að virkri þátttöku og rökhugsun. Í rýnihópi nemenda kom fram að þeir þekktu hæfniviðmið og gætu fundið þau á mentor.

Nemendur og nemendahópar bera vaxandi ábyrgð eftir aldri á að velja viðfangsefni, þekkja viðmið, leiðir að markmiðum og námsaðferðir. Þeir læra að meta gæði vinnu sinnar og taka þátt í að meta eigin framfarir. Í rýnivíðtölum við nemendur könnuðust þeir ekki við að þeim væri kennt að setja sér markmið í námi eða taka þátt í að setja þau.

2.6 Ábyrgð og þátttaka

Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendalýðræði birtist meðal annars í að bekkjarfundir eru haldnir í hverjum bekk á föstudögum. Nemendur eru hafðir með í ráðum um ákvarðanir sem snerta þá og hafa reglulega tækifæri til að ræða málefni sín með samnemendum.

Nemendafélag og nemendafulltrúar í skólaráði eru virkir og upplýsa nemendur um málefni er varða þá. Stærð skólans gerir boðleiðir stuttar milli stjórnenda, kennara og nemenda og gefur nemendum því aukin tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um ýmsa þætti skólastarfsins. Nemendur gera sér grein fyrir hlutverki sínu við að skapa jákvæðan skólabrag.

Styrkleikar

- Menntastefna stjórnvalda endurspeglast í skipulagi og störfum í skólanum.
- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum nemenda.
- Stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með einstaklingsnámskrá.
- Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til margra þátta.
- Námsumhverfi er hvetjandi til náms og gefur fjölbreytta möguleika.
- Skólinn leitast við að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda í námi m.a. með einstaklingsmiðun, umhverfismennt og útikennslu.
- Samstarf allra árganga í útikennslu.

- Grenndarsamfélag skólans er nýtt markvisst í skólastarfinu svo sem með starfsnámi og heimsóknnum.
- Námsmat er fjölbreytt.
- Nemendum er ljóst að þeir geta nýtt mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni.
- Umræða og skoðanaskipti eru hluti af námsferli nemenda.
- Nemendur þjálfast í sjálfsmati.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Stuttar boðleiðir eru milli stjórnenda, kennara og nemenda.
- Nemendur þjálfast í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri á bekkjarfundum.

Tækifæri til umbóta

- Tryggja lögbundna kennslu í list- og verkgreinum á öllum aldursstigum.
- Setja list- og verkgreinar inn í stundatöflur á elsta stigi óháð vali.
- Útbúa og birta í starfsáætlun viðmiðunarstundaskrá fyrir skólann.
- Láta koma fram í kennsluáætlunum/námsvísunum hvernig námsaðlögun er háttað.
- Skilgreina og skrá í skólanámskrá hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda.
- Skrá verklagsreglur um aðkomu foreldra og nemenda við gerð einstaklingsnámskráa.
- Þjálfa nemendur markvisst í að setja sér markmið og nýta í náminu.
- Fjölga verkefnum þar sem nemendum gefst kostur á að tengja námið sínu áhugasviði.
- Móta stefnu um hvar sérstakur stuðningur við einstaka nemendur fer fram.
- Móta stefnu er varðar bráðgera nemendur.

Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

3.1 Skipulag

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt. Innra mat er markmiðsbundið og samofið daglegu skólastarfi. Kerhólsskóli tók upp matskerfið Gæðagreini á yfirstandandi skólaári og fyrsta innramatsskýrslan kom út í mars 2019. Í skýrslunni er fjallað um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt, bæði árangur þess og gæði. Fyrir liggur áætlun um innra mat á þessu skólaári. Ekki hefur verið gerð langtímaáætlun um innra mat til þriggja til fimm ára. Skólanámskrá liggur ekki fyrir og þar af leiðandi er skipulag innra mats ekki opinbert.

Val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum og er því skiljanlegt hagsmunaaðilum og utanaðkomandi. Samkvæmt Gæðagreini notar skólinn innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum skólans hefur verið náð. Ekki eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að. Ekki er reglulega lagt mat á kennslu og fagmennsku kennara með mati skólastjórnenda eða jafningjamati kennara.

3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð skólastjóra. Ekki hefur verið til staðar formlegur farvegur fyrir hagsmunaaðila skólastarfsins til hafa áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. Gott verklag er að innramatsteymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins hafi með höndum framkvæmd, val aðferða, úrvinnslu og skipulag innra mats.

Nám og kennsla eru metin reglulega og er hluti af daglegu starfi kennara og stjórnenda. Innra mat skólans byggir á margvíslegum upplýsingum svo sem Skólapúlsinum, líðankönnunum nemenda og starfsmanna, starfsmannasamtölum og prófum. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu, hópnum sem leitað er upplýsinga hjá og þeim spurningum sem lagt er upp með. Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum.

Notaðar eru bæði eigindlegar og megindelegar gagnaöflunaraðferðir. Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum allra helstu hagsmunaaðila eftir því sem við á. Ekki eru settar fram tímasettar áætlanir um endurmat og reynslu af innra mati.

3.3 Umbætur

Ekki er að finna á heimasíðu greinargerðir, sem lýsa framkvæmd innra mats, helstu niðurstöðum og áætlunum um umbætur. Í greinargerð um innra mat er fjallað um helstu styrkleika og tækifæri til umbóta. Hins vegar er ekki hægt að sjá að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst þar sem ekki eru sett fram viðmið í innramatsáætlun skólans.

Fyllsta trúnaðar við þátttakendur er gætt með því að afmá allar persónugreinanlegar upplýsingar úr greinargerðum. Niðurstöður úr einstaka þáttum innra mats eru kynntar og ræddar á kennarafundum og teknar fyrir á fundum í fræðsluráði. Í rýnihópum foreldra og skólaráðs kom fram að ekki hefði farið fram formleg kynning á niðurstöðum.

Niðurstöður eru notaðar til umbóta og áætlanir um umbætur eru kynntar í innramatsskýrslu. Í áætlunum kemur fram hverjir bera ábyrgð á verkefnum og hvernig árangur verður metinn. Í

umbótaáætlunum sem fylgja Gæðagreini vantar að setja inn nánari tímasetningar. Flestir viðmælendur gátu nefnt dæmi um umbætur sem raktar eru til innra mats skólans.

Styrkleikar

- Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur í kjölfar þess sem mikilvægt.
- Áætlun um innra mat fyrir yfirstandandi skólaár liggur fyrir.
- Val matsþátta byggist á markmiðum skólans, stefnu og viðfangsefnum.
- Þegar gagna er aflað er leitað eftir sjónarmiðum helstu hagsmunaaðila.
- Notaðar eru bæði eigindlegar og megindlegar gagnaöflunaraðferðir.
- Innra mat skólans byggir á margvíslegum upplýsingum.
- Umbótastarf byggir á innra mati.
- Matsniðurstöður hafa áhrif á starfshætti.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer reglulega fram.
- Mat á líðan nemenda í öllum árgöngum fer fram reglulega á hverju skólaári.

Tækifæri til umbóta

- Fjalla um í skólanámskrá helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Setja í starfsáætlun hvaða þættir eru skoðaðir í innra mati á skólaárinu.
- Birta innramatsskýrslu opinberlega.
- Tryggja aðkomu allra hagsmunaaðila að innramatsteymi.
- Leggja reglulega mat á kennslu og fagmennsku kennara.
- Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í öllum þáttum innra mats.
- Setja tímasetningar í umbótaáætlun.
- Bera umbótaáætlun formlega undir skólaráð.
- Gera langtímaáætlun um innra mat.

Þáttur 4 – Skólabragur

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þáttinn, skólabrag, hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Fjórði þáttur er val sveitarfélags og skóla og er ekki tekinn með í prófílmmynd skólans.

4.1 Stefna og viðhorf

Skólinn hefur mótað heildstæða stefnu um góðan skólabrag sem einkennist af því að hagsmunir barna eru hafðir að leiðarljósi. Starfsfólk Kerhólsskóla notar hugmyndarfræðina um *Uppeldi til ábyrgðar* í skólastarfinu þar sem áhersla er á að kenna börnum sjálfsaga og ábyrga hegðun. Lögð er áhersla á að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau undir að lifa ábyrgu lífi. Upplýsingar um stefnuna er að finna á heimasíðu en þær eiga að liggja fyrir í skólanámskrá.

Jákvæður skólabragur einkennir allt skólastarfið. Gildi skólans endurspeglar jákvæð viðhorf og væntingar. Í uppeldisáætlun skólans kemur fram að ef samskipti í skólanum eru góð og gefandi má byggja á þeim árangursríkt nám.

Í skólastarfinu er lögð áhersla á að stuðla að jákvæðum samskiptum, gagnkvæmu trausti, samstöðu og samábyrgð starfsfólks, nemenda og foreldra. Foreldrar hafa jákvætt viðhorf til skólans, þeir eru virkir samstarfsaðilar og reglulegt samráð er haft um hegðun, líðan og samskipti nemenda.

4.2 Líðan nemenda

Reglulega er fylgst með líðan nemenda með könnunum. Í uppeldisáætlun Kerhólsskóla kemur fram hvernig unnið er með skipulegum hætti að því að efla tilfinningaþroska, samkennd, félagsfærni og jákvæða sjálfsmynd nemenda.

Hvatt er til heilsusamlegra lífshátta, daglegrar hreyfingar, hvíldar og hollrar næringar. Skipulag á skólalóð styður við félagsleg samskipti og hvetur til hreyfingar. Áhersla er á góð samskipti allra og skilningur eflur á eigin tilfinningum og annarra.

Verkferlar eru til staðar um hvernig bregðast skal við líkamlegu, andlegu eða félagslegu ofbeldi í skólastarfinu. Gera þarf áætlun um viðbrögð ef grunur vaknar um að nemandi búi við ofbeldi.

4.3 Nemendalýðræði

Horft er til styrkleika hvers nemanda og væntingar gerðar til allra um að þeir leggi sig fram og nái árangri. Nemendum er skapaður vettvangur til að koma skoðunum sínum á framfæri og tillit er tekið til þeirra. Nemendur taka þátt í skipulagi skólastarfs sem snýr að námi þeirra og félagsstarfi. Í rýnihópi nemenda kom fram að á bekkjarfundum væri algengara að ræða málefni nemenda en námið.

Nemendur fá leiðsögn og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum á bekkjarfundum. Í öllum starfsháttum er borin virðing fyrir manngildi hvers og eins. Í fámenni skólans er aðgengi nemenda að stjórn nemendafélags og fulltrúum í skólaráði mjög mikið. Ekki er skráður formlegur farvegur um hvernig ákvarðanir eru kynntar nemendum.

4.4 Verklagsreglur og áætlanir

Skólinn hefur mótað áætlanir og eigið verklag til að fyrirbyggja líkamlegt, andlegt og/eða félagslegt ofbeldi, þ.á.m. einelti. Áætlanir eru í samræmi við grunngildi skólans. Lögð er áhersla á að flétta forvarnir inn í nám nemenda.

Gerð er grein fyrir því hvernig brugðist er við ofbeldi og einelti í áætlunum, en skráð verklag um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum er ekki til staðar. Í skólareglum er m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms, heilbrigðar lífsvenjur og öryggi nemenda. Í reglunum kemur fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim.

Styrkleikar

- Skólinn hefur mótað heildstæða stefnu um góðan skólabrag.
- Jákvæður skólabragur einkennir allt skólastarfið.
- Gildi skólans endurspeglar jákvæð viðhorf og væntingar.
- Foreldrar hafa jákvætt viðhorf til skólans.
- Reglulega er fylgst með líðan nemenda með könnunum.
- Skipulag á skólalóð styður við félagsleg samskipti og hvetur til hreyfingar.
- Nemendum er skapaður vettvangur til að koma skoðunum sínum á framfæri með vikulegum bekkjarfundum.
- Áætlanir eru í samræmi við grunngildi skólans.

Tækifæri til umbóta

- Gera grein fyrir uppeldisstefnunni í skólanámskrá.
- Gera áætlun um viðbrögð ef grunur vaknar um að nemandi búi við ofbeldi.
- Skrá hvernig ákvarðanir nemenda- og skólaráðs eru kynntar nemendum.
- Auka formlega umræðu með nemendum um skipulag náms.
- Skrá og birta verklag um tilkynningarskyldu er varðar ofbeldi samkvæmt barnaverndarlögum.